



Reykjavík, 19.06.2017

Tilvísun: 17061348

Efni: Greinargerð um fund laganefndar IMO (e. Legal Committee) sem haldinn var dagana 26. apríl til 28. apríl 2017 í höfuðstöðvum Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar í London.

Höfundur: Magnús D Baldursson

Fundinn sóttu Magnús D Baldursson lögfræðingur á Samgöngustofu og Björn Freyr Björnsson lögfræðingur samgönguráðuneytinu.

Á máli 17061348 má finna öll fundarskjölin og ítarlegri fundargerð.

1. Opunarávarp Secretary General

- a. Nefndin hefur gengt lykilhlutverki í þróun og innleiðingu fjölmargra alþjóðasamninga og leiðbeinandi efnis. Í skjali LEG104/14 er farið yfir það helsta í 50 ára sögu nefndarinnar.
- b. Framtíð nefndarinnar mun að öllum líkindum ekki fela í sér mikla vinnu við gerð nýrra alþjóðasamninga í siglingum þar sem veflest svið alþjóðasiglinga falla undir einhverja samninga. Hlutverk nefndarinnar verður í meira mæli aðstoð við aðildarríkin við innleiðingu samninga og að stuðla að einsleitri túlkun þeirra.

2. Adoption of the Agenda

3. Report of the Secretary-General on credentials

4. Facilitation of the entry into force and harmonized interpretation of the 2010 HNS Protocol

- a. Kanada kynnti skjal LEG 104/3 þar sem m.a. er að finna kynningu á 2010 HNS bókuninni. HNS samþykktin er besta mögulega verkfærið til að taka á HNS slysum.
- b. Þá hefur Evrópuþingið ákveðið að heimila aðildarríkjum ESB að gerast aðilar að bókuninni.
- c. Annex II skjali LEG 104/3 er með kynningu um HNS. Fulltrúar voru sammála um að gefa ætti kynninguna út sem „publication“. Kynningin væri nothæft verkfæri fyrir aðildarríki við innleiðingu HNS. Þá ætti að taka inn í kynninguna tölfræði um HNS kröfur sem P&I klúbbar hafa gefið út.
- d. Annex III er með (draft resolution), drög að ályktun. Það þarf þegar að breyta skjalinu í ljósi þess að Noregur er búinn að fullgilda. Rætt var um hvort að ályktunin ætti að stafa frá LEG nefndinni eða allsherjarþingi IMO. Með því að ályktunin stafaði frá LEG gæti nefndin unnið áfram í ályktuninni þar sem HNS 2010 verður á dagskrá nefndarinnar áfram. Hins vegar er allsherjarþingið æðsta eining IMO.
- e. Nefndin samþykkti ályktunardrögin sem hvetja öll aðildarríki IMO til að gerast aðilar að, og innleiða 2010 HNS bókunina. Einnig eru ríki hvött til að deila með sér reynslu af bókuninni og vinna með iðnaðinum.

5. Provision of financial security in case of abandonment of seafarers, and shipowners' responsibilities in respect of contractual claims for personal injury to, or death of seafarers, in light of the progress of amendments to the ILO Maritime Labour Convention, 2006.



- a. ILO kynnir skjal LEG 104/4 gildistaka 2014 breytinganna á MLC. Önnur ríki hvött til að fullgilda. Skylda til að greiða bætur fyrir sjófarendur sem verða fyrir því að skipið verði yfirgefið. Því miður eru þessi mál alltof algeng. 2014 breytingarnar á MLC eiga að vinna gegn því. Breytingarnar eiga að tryggja sjófarendum fjárhagslega tryggingu þegar um er að ræða abandonment. Skipaeigendur eiga að hafa í gildi fjárhagslega tryggingu þess efnis.
- b. LEG 104/4/1 Í sameiginlegum gagnagrunni IMO/ILO um yfirgefningamál er að finna upplýsingar um 248 mál. Þar á meðal óleyst mál sem ná aftur til ársins 2006. IMO og ILO hafa lýst áhyggjum að því að nægjanlega vel sé fyllt í gagnagrunninn. Frá gildistöku 2014 breytinganna á MLC hefur komið stökk í tilkynntum yfirgefningamálum.

6. Fair treatment of seafarers in the event of a maritime accident

- a. Sjá leiðbeiningarefni sem ITF (International Transport Workers' Federation) hefur unnið, sjá <https://www.state.gov/documents/organization/98775.pdf>. Á 103 LEG fundi kom m.a. fram að mismunandi nálgun aðildarríkja á sanngjarna meðferð sjófarenda vegna sjóslysa mætti straumlínulaga með samræmdum leiðbeiningum og vinnustofum. Íran bendir á að í mörgum tilvikum kæmi það í hlut dómstóla að túlka leiðbeiningarnar og þá í samræmi við réttarkerfi viðkomandi ríkis. Tekið undir þau sjónarmið.

7. Advice and guidance in connection with the implementation of IMO instruments

- a. Frakkar kynna LEG 104/6/1 Í skjalinu eru kynntar niðurstöður samræðuhóps sem ræddi mögulegt framsal skírteinaútgáfu varðandi CLC og HNS til flokkunarfélaga. Lögð eru fram ályktunardrög sem fela í sér að aðildarríki að CLC og HNS geti, í samræmi við RO kóðann, framselt skírteinaútgáfu skv. CLC og HNS, til flokkunarfélaga.
- b. Niðurstaða að ekki er nauðsynlegt að vísa málinu til MSC og ályktunardrögin samþykkt.
- c. Skjal LEG 104/6/2, lögfræðileg ráðgjöf fyrir FAL nefndina. FAL nefndin (facilitation committee) hefur haft til skoðunar breytingar á viðauka 3 við FAL samninginn. Bandaríkin buðust til að stýra óformlegum samræðuhóp. Á næsta LEG fundi verður þá vinnuhópur settur upp. Fram að því munu Bandaríkin sjó um óformlegan samræðuvettvang í málinu.

8. Piracy

- a. LEG 104/7 Í skjalinu er m.a. fjallað um svokallað Djibouti Code of Conduct sem hefur verið áhrifaríkt við að kveða niður sjórán og vopnuð rán gegn skipum. Hefur kóðinn verið látinn ná til ólöglegra fiskveiða, mansals.
- b. Argentína tekur til máls og tekur fram að alþjóðalög geri ráð fyrir sérstökum úrræðum gagnvart sjóránnum sem séu að finna í Hafréttarsáttmála SP. Ekki sé hægt að taka þau yfir á t.d. ólöglegar fiskveiðar. Ef nota ætti þessar reglur gagnvart skipi sem er á fána ríkis sem ekki er aðili að þessu code of conduct, gæti slíkt falið í sér brot á alþjóðalögum.
- c. Athugasemdir Argentínu nóteraðar en secretary general tekur fram að aðildarríki að Djibouti Code séu fullvalda ríki sem sé frjálst að gera samninga sem fela í sér aukna samvinnu á þessu sviði. Djibouti Code og svokallaðar Jeddah amendments sé beint að ríkjum sem eru aðilar að þessum gerningum. Sé úrræðum þeirra beint gegn skipi sem siglir fána ríkis sem ekki er aðili að þessum gerningum geti slíkt vissulega falið í sér brot á alþjóðalögum.

9. Matters arising from the 116th and 117th regular sessions of the Council

- a. sjá LEG 104/8, uppfærðar málsmeðferðarreglur LEG nefndarinnar.



10. Analysis and consideration of recommendations to reduce administrative burdens in IMO instruments as identified by the SG-RAR

- a. Skjal LEG 104/9 þar sem er að finna uppfærðan lista yfir skjöl og skírteini sem eiga að vera um borð í skipum

11. Technical cooperation activities related to maritime legislation

- a. LEG 104/10 Legal affairs office býður upp á þjálfun í innleiðingu IMO gerninga. Markmiðið er að dýpka skilning á grundvallarreglum IMO gerða. Þjálfunin er gagnleg við að auðvelda innleiðingu IMO gerða. Þjálfunin ætti að geta gagnast vanþróaðri siglingaþjóðum í að undirbúa IMSAS úttekt. Þá er í undirbúningi námskeið hjá IMO 11. – 15. september í innleiðingu IMO gerða í landsrétt þjóða. Námskeiðið er fjármagnað af Technical cooperation Fund. IMSAS úttektir hingað til eru að leiða í ljós að stóru frávikin varða ófullnægjandi innleiðingu IMO gerða í landsrétt þjóða, sérstaklega þróunarlönd. Þróunarlönd ættu í vandræðum með að innleiða í landsrétt hinar tíðu breytingar á IMO gerningum, sérstaklega breytingarnar sem koma inn með þöglu samþykki. (the tacit amendment procedure). Því er þörf á þjálfun fyrir lögfræðinga og legal drafters til að skilja umfang og samhengi í því verkefni sem innleiðing IMO gerninga er.
- b. LEG 104/10/2 inniheldur tillögur um forgangsroðun fyrir Technical Cooperation Programme. Í tengslum við IMSAS væri Sercreteriat sífellt að fá fleiri beiðnir um aðstoð við laga- og reglu smíð til að innleiða IMO gerninga.

Annað:

- LEG 104/10/1 listi yfir lokaritgerðir lögfræðinga úr IMLI sem hafa verið verðlaunaðar.
- LEG 104/11 Staða á innleiðingu IMO gerninga eftir ríkjum.
- LEG 104/12 Leiðbeiningar um gerð tvíhliða samninga/fyrirkomulag (bilateral arrangements or agreements) varðandi olíumengun frá olíuborun sem flýtur á milli lögsaga á hafinu.